

**202. fundur Skóla- og frístundaráð, haldinn í Lindinni Dalbraut 4,
26. október 2022 og hófst hann kl. 17:00.**

Fundinn sátu:

Jónína Margrét Sigmundsdóttir formaður, Einar Brandsson varaformaður, Liv Aase Skarstad aðalmaður, Dagný Hauksdóttir sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs, Ásbjörn Egilsson verkefnastjóri og Anney Ágústsdóttir verkefnastjóri.

Fundargerð ritaði: Dagný Hauksdóttir, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs.

Fyrir tekið:

1. 2210155 - Íþróttahúsið Vesturgötu - kjallari

Ásbjörn Egilsson verkefnastjóri á skipulags- og umhverfissviði, Daníel Sigurðsson Glad forstöðumaður íþróttamannvirkja og Guðmunda Ólafsdóttir framkvæmdarstjóri ÍA sitja fundinn undir þessum lið.

Skóla- og frístundaráð leggur til að Ásbjörn, Daníel og Guðmunda vinni frumhönnun á mögulegri nýtingu kjallara íþróttahússins á Vesturgötu fyrir framtíðar notkun til íþróttaiðunar. Ráðið vísar endanlegri ákvörðun til skipulags- og umhverfisráðs.

Ásbjörn víkur af fundi.

2. 2204124 - ÍA - rekstur, samskipti og samningur 2022-2026

Erindi frá aðildarfélögum ÍA.

Daníel Sigurðsson Glad forstöðumaður íþróttamannvirkja og Guðmunda Ólafsdóttir framkvæmdarstjóri ÍA sitja fundinn undir þessum lið.

Skóla- og frístundaráð þakkar Guðmundu og Daníel fyrir kynningu á erindum frá aðildarfélögum ÍA - Hestamannafélaginu Dreyra, Ungmennafélaginu Skipaskaga, Hnefaleikafélagi Akraness, Sundfélagi Akraness og Siglingaklúbbnum Sigurfara. Ráðið leggur til að óskirnar verði teknar til skoðunar í tengslum við fjárhagsáætlunargerð og vísar erindinu til bæjarráðs.

Guðmunda víkur af fundi.

3. 2210154 - Íþróttamannvirkni - tillaga að skipuriti

Daníel Sigurðsson Glad forstöðumaður íþróttamannvirkja situr fundinn undir þessum lið og kynnir tillögu að skipuriti fyrir íþróttamannvirkni.

Skóla- og frístundaráð tekur undir tillögur forstöðumanns íþróttamannvirkja og vísar þeim til bæjarráðs.

4. 2210153 - Íþróttamannvirkni - fjárhagsáætlunargerð 2023

Daníel Sigurðsson Glad forstöðumaður íþróttamannvirkja fer yfir áherslur í tengslum við fjárhagsáætlun 2023 í samræmi við tillögur að nýju skipuriti.

Skóla- og frístundaráð tekur undir báðar tillögur forstöðumanns íþróttamannvirkja og vísar þeim til bæjarráðs.

5. 2210176 - Erindi frá Knattspyrnufélagi ÍA

Daníel Sigurðsson Glad forstöðumaður íþróttamannvirkja situr fundinn undir

JMS

þessum lið.

Skóla- og frístundaráð vísar málínu til afgreiðslu í bæjarráði.

Daniel víkur af fundi.

6. 2209178 - Reglur um niðurgreiðslu vegna dvalar barna hjá dagforeldrum - endurskoðun

Endurskoðun á reglum um niðurgreiðslur vegna dvalar barna hjá dagforeldrum.

Lagt fram til kynningar.

7. 2201006 - Fundargerðir 2022 - menningar- og safnanefnd

Lagt fram til kynningar.

Fundargerð lögð fram.

Skóla- og frístundaráð óskar eftir að gögn sem liggja til grundavallar ákvarðanatökum séu sýnileg í fundagátt.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 20:30.

Jónina Margrét Sigmundsdóttir
Einar Brandsson
Liu Þóra Skarslæð
Dagný Hauksdóttir